



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Kjólasveinn, kjólameistari

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Dress maker, master dress maker

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- annast innkaup á efnum og öðrum vörum sem þarf á saumastofu. Þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í kjólasaum og hefur vald á mismunandi saumatækni og fatagerð
- tekur mál, mælir, útfærir snið og breytir þeim eftir atvikum. Sniður og sérsaumar kvenfatnað samkvæmt eigin útfærslu eða óskum viðskiptavinar
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vörubrún
- skipuleggur verkferla m.t.t. viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði. Sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur haft faglega umsjón með verkefnum á saumastofu í samstarfi við meistara
- hefur góð tök á notkun tækja og handverkfæra og getur notað tölvutækni við hugmyndaþróun
- þekkir orsakir vinnuslysa, vinnur í samræmi við öryggisstaðla á vinnustað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu
- gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem efni geta haft
- sýnir heiðarleika og fer eftir almennum siðareglum, sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð. Sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað og hefur skilning á þörfum þeirra
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi
- þekkir sögu og menningu tísku og fataiðnaðar.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Kjólasveinn sérsaumar kvenfatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Kjólasveinn starfar í fataverksmiðjum, á saumastofum eða eigin verkstæði. Rétt til starfa sem kjólasveinn hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sjö annir, námstími samtals 126 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 24 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
